

## Styrkumsóknir til borgarráðs 2017

	<u>Tengiliður</u>	<u>Efni</u>	<u>Dags. bréfs</u>	<u>Sótt um kr.</u>	<u>Sótt um áður</u>	<u>Tillaga að styrk</u>	<u>Málsnúmer</u>
1	Hörður Þór Gunnarsson	FC Sækó (geðveikur fótbolti):	16.1.2017	280.000	ekki fyrir þetta, fengu 250.000 frá velferðarsviði 2016	280.000	R17030067


Heil og sæl Björn og Helga Björk

Ég fékk ábendingu um að mögulega væri hægt að koma erindi til borgarráðs í gegnum þessa leið (en þið megið endilega leiðrétta mig ef aðrar leiðir eru æskilegri).

Fyrir hönd fótboltaverkefnisins Fc Sækó (geðveikur fótbolti) sendi ég ykkur eftirfarandi erindi en markmiðið með verkefninu er að efla heilsu og virkni einstaklinga sem glíma við andleg veikindi.

Við í Fc Sækó erum nú þegar farin að huga að okkur þriðju keppnisferð erlendis og munum við á næsta ári etja kappi við frændur okkar frá Bergen í Noregi. En þar er virkilega áhugavert úrræði er varðar heilsueflingu fyrir sama notendahóp og við erum með. Til þess að undirbúa ferðina á næsta ári sem best þá er 8 manna hópur á okkur vegum að fara til Bergen núna í maí til að kynna norska úrræðinu og koma á tengslum við Norðmennina. Þessi 8 manna hópur saman stendur af bæði starfsfólki og notendum en mikil áhersla er lögð á notendasamráð eins og segir til um í stefnu Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk. Starfsfólkið sem fer í undirbúningsferðina getur sótt í sjóði stéttarfélaganna til að fjármagna sinn hlut hvað varðar flug og gistingu. Þeir fjórir notendur sem fara með í undirbúningsferðina hafa því miður ekki rétt hjá stéttarfélagunum og verðum við því reyna að sækja styrki fyrir þá með öðrum hætti. Vildum við því athuga með borgarráð en tveir af þessum notendum sem fara með í ferðina búa í búsetuúrræði fyrir geðfatlaða innan borgarinnar. Einnig verður haft samband við geðsvið Landspítala og ÖBÍ til að kanna styrktarmöguleika.

Kostnaðaráætlun er sem hér segir:

Flug	35.000 kr
Gisting	35.000 kr
Samtals	70.000 kr x 4 = 280.000 kr

Að lokum viljum við í Fc Sækó þakka ykkur í borgarráði kærlega fyrir góðan stuðning í gegnum tíðina og skorum jafnframt á ykkur í annan leik á gervigrasinu í Laugardalnum við fyrsta tækifæri J

Með kveðju,

Helgi Þór Gunnarsson  
Forstöðumaður í búsetuþjónustu fyrir geðfatlaða  
Gsm 618 3775

Bríetartún 26, 105 Reykjavík  
sími 534 7526

Bríetartún 30, 105 Reykjavík  
sími 534 9168

[helgi.thor.gunnarsson@reykjavik.is](mailto:helgi.thor.gunnarsson@reykjavik.is)